



Fundargerð

**33. fundur Hreppsnefndar Ásahrepps haldinn á skrifstofu Ásahrepps að Laugalandi í Holtum.,
Miðvikudaginn 4. desember 2024, kl. 13:00.**

Fundinn sátu:

Ísleifur Jónasson, Nanna Jónsdóttir var fjarverandi en í staðinn sat fundinn Kristín Ósk Ómarsdóttir, Þráinn Ingólfsson, Helga Björg Helgadóttir, Kristín Hreinsdóttir og Valtýr Valtýsson.

Fundargerð ritaði: Valtýr Valtýsson, sveitarstjóri.

1. Verkefnisstjóri íþrótt- og fjölmenningsmála - 2411020

Jón Valgeirsson og Jóhann G. Jóhannsson mæta á fund hreppsnefndar Ásahrepps undir þessum lið til að gera grein fyrir stöðu "Verkefnastjóri íþrótt- og fjölmenningsmála". Erindi þar að lútandi frá Rangárþingi ytra var tekið fyrir á 32. fundi hreppsnefndar og afgreiðslu frestað.

Jón og Jóhann gerðu grein fyrir þeim verkefnum sem verkefnastjóri íþrótt- og fjölmenningsmála er ætlað að sinna. Rangárþing ytra hefur ákveðið að auglýsa þessa stöðu og ráða starfsmann í hana frá næstu áramótum. Rangárþing ytra hefur boðið Ásahreppi að hafa þessa stöðu sameiginlega líkt og með rekstur íþróttamiðstöðva sveitarfélaganna. Reikna má með að kostnaður Ásahrepps á árinu 2025 verði um kr. 2.500.000, miðað við kostnaðarskiptingu við rekstur íþróttamiðstöðva.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða að taka þátt í verkefninu.

Kristín Ósk Ómarsdóttir vék af fundi.

2. Fjárhagsáætlun Ásahrepps 2025 - 2028 - 2410019

Fjárhagsáætlun Ásahrepps fyrir árin 2025-2028 lögð fram til seinni umræðu.

Sveitarstjóri gerði grein fyrir fjárhagsáætluninni og skýrði ýmsa liði.

Helstu kennitölur áætlunarinnar fyrir samstæðureikning rekstrarárið 2025 eru (í þús. kr.):

Tekjur: 636.562

Gjöld: 500.593

Afskriftir: 28.463

Fármagnstekjur: 6.748

Rekstrarniðurstaða jákvæð: 101.229

Fastafjármunir: 626.658

Veltufjármunir: 388.630

Eigir samtals: 1.015.289

Eigið fé: 827.352

Skuldbindingar: 8.068

Langtímaskuldir: 93.781

KH
EF
LD

Skammtímaskuldir: 86.087
Eigið fé og skuldir samtals: 1.015.289

Gert er ráð fyrir eftirfarandi fjárfestingum á árinu 2025 (í þús. kr.): 107.392

Gatnagerð: 15.000
Götulýsing og viðhaldsverkefni Laugalandi: 10.000
Göngu-, reiðhjóla- og reiðstígagerð: 50.000
Eignir hjá Eignasjóði, Ásgarður m.m: 15.000

Fjárfestingar samstarfsverkefna A-hluta:
Félags- og skólaþjónusta: 284
UTU: 1.499
Tónlistarskóli: 352
Brunavarnir Rangárvallasýslu bs: 6.652

Fjárfestingar samstarfsverkefna B-hluta:
Sorpstöðin / Vatnsveita: 8.605

Samtals fjárfesting: 107.392

Oddviti bar upp fyrirleggjandi tillögu að fjárhagsáætlun Ásahrepps fyrir árin 2025-2028 til samþykktar. Tillagan var samþykkt samhljóða og sveitarstjóra falið að senda lögbundnum aðilum afrit af samþykktri áætlun í samráði við KPMG endurskoðun.

Fundi slitið kl. 15:00.

Ísleifur Jónasson

Ísleifur Jónasson

Kristín Ósk Ómarsdóttir

Þráinn Ingólfsson

Þráinn Ingólfsson

Helga Björg Helgadóttir

Helga Björg Helgadóttir

Kristín Hreinsdóttir

Kristín Hreinsdóttir

Valtýr Valtýsson

Valtýr Valtýsson